

# Prófkjör Sjálfstæðismanna í Rangárþingi ytra 14. apríl 2018

Útgefandi: Sjálfstæðisfélagið Fróði og Fjöltnir, félag ungra Sjálfstæðismanna. Apríl 2018. Ábyrgðarmaður: Ingvar P. Guðbjörnsson.

Sjálfstæðismenn í Rangárþingi ytra efna til prófkjörs 14. apríl nk. 11 manns gefa kost á sér í prófkjörinu og má finna nánari upplýsingar um þau í blaðinu.



**Prófkjórið fer fram í Miðjunni á 2. hæð (fyrir innan Verkalýðsfélagið) og verður opið frá 10:00-18:00 á prófkjörsdag.**

Utankjörfundarkosning hefst 4. apríl og verður opið á sama stað frá kl. 17-18:30 virka daga til 13. apríl. Einnig frá kl. 10:00-11:30 laugardaginn 7. apríl. Þá verður hægt að kjósa utankjörfundar í Valhöll, Háaleitisbraut 1, virka daga frá 4. - 13. apríl á skrifstofutíma.

**Framboðsfundur verður haldinn laugardaginn 7. apríl með frambjóðendum í menningarsalnum á Hellu. Súpa verður seld á 1.000 kr. frá 11:30. Fundurinn hefst kl. 12:00.**

## Hugrún Pétursdóttir óskar eftir stuðningi í 3. – 4. sæti



**Fæðingardagur:** 14. ágúst 1987.

**Fjölskylduhagir:** Á eina dóttur, Kolfinnu Guðnadóttur f. 2015.

**Menntun:** Stúdentspróf frá F.Su árið 2007. Sölu-, markaðs- og rekstrarpróf frá Nýja tölvu- og viðskiptaskólanum. Stunda nú nám í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri.

**Starfsferill:** Íþróttamiðstöðin Hellu, Vínbúðin Hellu, verkstjóri vinnuskóla Rangárþings ytra, hef starfað lengst á hótelum á svæðinu sem móttökustarfsmaður, markaðsfulltrúi, brúðkaupsráðgjafi, umsjónarmaður bókonarvéla og ýmis skrifstofustörf.

**Félagsstörf:** Varaformaður atvinnu-, menningarmála- og jafnréttisnefndar Rangárþings ytra 2014-2018.

**Helstu áherslur:**

- Viðhalda góðum rekstri sveitarfélagsins eins og verið hefur undanfarið kjörtímabil.
- Vinna að því að leysa leiguhúsnæðisvanda á svæðinu.
- Finna leiðir til þess að gera sveitarfélagið okkar eftirsóknarverðara fyrir nýbúa til búsetu.
- Efla íþrótt- og tómstundastarf unglinga og eldri borgara enn frekar.
- Forvarnir unglinga.
- Standa vörð um heilsugæsluna.
- Vinna að því að fá lágvörverslun í heimabyggð.
- Vinna að því að eldri borgarar okkar fái forgang fyrir vistpláss á Dvalarheimilinu Lundi og unnið verði að því að þeir sem vilja geti búið sem lengst heima og fái þá aðstoð sem þeir þurfa til þess.
- Sjá til þess að ávallt sé leikskólapláss til staðar.
- Sjá til þess að næg atvinna sé til staðar fyrir íbúa.

## Ína Karen Markúsdóttir óskar eftir stuðningi í 5. sæti



**Fæðingardagur:** 17. apríl 1991.

**Fjölskylduhagir:** Gift Almari Magnússyni, starfsmanni í Glerverksmiðjunni Samverk. Við eigum saman tvö börn, Dóru Maríu, 5 ára, og Markús Magna, 6 mánaða.

**Menntun:** Brautskráðist af listnámsbraut úr Fjölbrautaskóla Suðurlands ásamt námi í ferðaþjónustu úr Háskólanum á Bifröst. Í dag stunda ég nám við Háskólann á Akureyri í leikskólafræðum.

**Atvinna:** Verslunarstörf og þjónustustörf. Síðustu þrjú ár hef ég unnið sem starfsmaður á leikskóla, þar af eitt ár sem deildarstjóri.

**Helstu áherslur:** -Horfa þarf til framtíðar varðandi fólksfjölgun í samfélaginu þar sem huga þarf að húsnæðismálum. -Tryggja velferð eldri borgara, mæta þörfum og þjónustu ásamt húsnæðisöryggi. -Hlúa þarf að grunnskólastarfi og einnig leikskóla þar sem koma þarf til móts við barnafjölskyldur varðandi dagvistun. -Halda áfram að styrkja og byggja upp uppeldis-, íþrótt- og tómstundastarf.

## Sindri Snær Bjarnason óskar eftir stuðningi í 4. – 5. sæti



**Fæðingardagur:** 21. október 1991.

Búsettur að Bergöldu 4 á Hellu.

**Fjölskylduhagir:** Bý með Hjördísi Báru Sigurðardóttur og okkar börn eru Heiðdís Björk og Arnþór Elí.

**Menntun:** Stúdentspróf frá FSu.

**Atvinna:** Sundlaugarvörður við sundlaugina á Hellu.

**Félagsstörf:** Formaður íþrótt- og tómstundarnefndar Rangárþing ytra, stjórnarmaður í fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna í Rangárvallasýslu, stjórnarmaður í Fjölni, félagi ungra Sjálfstæðismanna og var gjaldkeri NFSU árið 2011.

**Helstu áherslur:** Ég vil efla grunnþætti sveitarfélagsins og að það tækli langvarandi vanda sem hefur verið á húsnæðismálum undanfarin ár. Einnig að berjast fyrir betri þjónustu fyrir íbúa þessa sveitarfélags.

## Sævar Jónsson óskar eftir stuðningi í 2. – 4. sæti



**Fæðingardagur:** 22. apríl 1952.

Bjói á Hellu til 30 ára aldurs. Síðan í Reykjavík og svo í Snjallsteinshöfða í 25 ár.

**Menntun:** Húsasmiðameistari og búfræðingur.

**Starfsferill:** Hef unnið við mannvirkjagerð, fararstjórn, sjómennsku, verslun og landbúnað.

**Nefndar- og félagsstörf:** Hef starfað sem aðalmaður í samgöngu- og fjarskiptanefnd frá 2014 og sem varamaður í skipulagsnefnd og umhverfisnefnd.

**Helstu áherslur:** Í mínum huga eru skólamál mesta áskorun okkar tíma. Þar liggur framtíð unga fólksins undir. Í samgöngum eru spennandi tækifæri framundan sem geta skipt sköpun fyrir sveitarfélagið í

framtíðinni. Aukin umsvif í ferðaþjónustu kalla á ný viðhorf í skipulagsmálum og bætt aðgengi og aðbúnað á ferðamannstöðum. Nútíminn kallar á breytt viðhorf fyrir útivist og heilsutengdan lífsstíl. Hlúa þarf að þeim sem minna mega sín. Sýna aðhald og sparnað í rekstri sveitarsjóðs.

Ef ég hlýt brautargengi í prófkjörinu, mun ég gera allt sem í mínu valdi stendur til þess að standa í lappirnar fyrir samfélagið okkar. Það er mikilvægt að gæta að jafnræði íbúanna og sjá svo um að allir hafi jafnan aðgang að þjónustu sveitarfélagsins.

Ég þakka fyrir að eiga þess kost að taka þátt í prófkjöri D-listans og á þá ósk okkur öllum til handa að ganga saman til sóknar fyrir samfélagið.

Ég óska eftir stuðningi í 2. – 4. sæti D-listans.

## Ágúst Sigurðsson óskar eftir stuðningi í 1. sæti



**Fæðingardagur:** 31. október 1964.

Átt mína heimahöfn á Kirkjubæ á Rangárvöllum alla tíð.

**Fjölskylduhagir:** Giftur Unni Óskarsdóttur leikskólakennara, börn Elvar, Hjörvar, Assa og Dagur, barnabörn Arngrímur Ágúst og Patrekur Örn.

**Menntun:** Dr. í erfðafræði

**Starfsferill:** Sveitarstjóri frá 2014, rektor LbhÍ 2004-2014, landsráðunautur BÍ 1996-2004, vísindamaður við SLU, Svíþjóð 1991-1996 og hrossabóndi á Kirkjubæ frá 1993.

**Félagsstörf:** Ýmsar nefndir og ráð á vegum Rangárþings ytra, Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Formaður Oddafélagsins og í stjórn vinafélags Keldna.

Skipaður í allnokkra starfshópa, nefndir og stjórnir á vegum stjórnvalda um háskólamál, rannsóknir, landbúnaðarmál, utanríkismál, hrossarækt, landgræðslu, orkumál, þjóðskjalavörslu o.fl.

**Helstu áherslur:**

Vinna að framförum og velsæld í sveitarfélaginu okkar með öllum tiltækum ráðum. Halda áfram þétt utan um fjármálin þannig að veita megi íbúum góða þjónustu samhliða skynsamlegri fjárfestingu. Hef mikla trú á framtíðinni og tel Rangárþing eiga gríðarlega möguleika. Vil sækja fram fyrir okkar sveitarfélag og skapa sátt um leiðir.

## Björk Grétarsdóttir óskar eftir stuðningi í 2. sæti



**Fæðingardagur:** 7. maí 1985.

**Fjölskylduhagir:** Í sambúð með Páli Jóhannssyni, húsasmíðameistara.

**Menntun:** Stúdent frá F.Su. árið 2004, NIH íþr.lýðháskóli í Danmörku árið 2005. Lauk BA-prófi í stjórnmálafræði, með viðskiptafræði sem aukagrein, frá Háskóla Íslands árið 2008 og MA-prófi í alþjóðasamskiptum árið 2011. Lauk diplóma í viðburðastjórnun frá Háskólanum á Hólum árið 2013. Hef lokið ýmiss konar námskeiðum, einkum fjármálatengdum, vegna starfs míns.

**Starfsferill:** Ég var fastráðin hjá Arion banka árið 2011 og starfa þar sem fyrirtækjaráðgjafi. Ég hef starfað í kjörnefnd Rangárþings ytra frá árinu 2014. Ég hef verið annar umsjónarmanna Félagsmiðstöðvarinnar á Hellu frá árinu 2015 og er gjaldkeri Leikfélags Rangæinga.

**Helstu áherslur:** Ég hef alla tíð átt lögheimili í Rangárþingi og hef brennandi áhuga á að stuðla

að góðu mannlífi í samfélaginu okkar, þar sem einstaklingarnir fá að njóta sín í leik og starfi. Að mörgu er að hyggja í rekstri og starfsemi sveitarfélags, hvort sem um er að ræða lög- bundin verkefni líkt og rekstur grunnskóla og félagsþjónustu, eða rekstur íþróttamannvirkja, sem dæmi. Á liðnu ári var t.a.m. stóru verkefni lokið með lagningu ljósleiðara um allt sveitarfélagið og er nú verið að gera miklar endurbætur á vatnsveitu, sem á að tryggja öllum íbúum aðgang að nægu heilnæmu vatni. Það er mikilvægt að allir íbúar sveitarfélagsins hafi jafnan aðgang að grunnþjónustu. Stofnanir sveitarfélagsins eru reknar af myndarbrag en við lifum á tímum örra breytinga og þess vegna er nauðsynlegt að nýta þau tækifæri sem framfarir nútímans færa okkur. Þannig munum við bæta samkeppnishæfni og vera sveitarfélag í fremstu röð.

## Haraldur Eiríksson óskar eftir stuðningi í 2. – 4. sæti



**Fæðingardagur:** 10. ágúst 1962.

Er búsettur í Grásteinsholti sem er nýbylí úr landi Lýtingsstaða.

**Fjölskylduhagir:** Er kvæntur Guðrúnu Arnbjörgu Óttarsdóttur skrifstofustjóra hjá Rarik Selfossi og eigum við þrjú börn.

**Menntun:** Er stúdent frá F.Su. 1988 og viðskiptafræðingur frá Háskólanum á Birösti árið 2005.

**Starfsferill:** Hef unnið margvísleg störf um ævina, t.d. verkamannavinnu við virkjanir bæði sunnan og norðan heiða ásamt hafnargerð, húsbyggingar og járnsmíðar. Ég gengdi starfi sérfræðings hjá Fjárslu ríkissins á árunum 1995-2008. Frá 2008-2011 skrifstofustjóri hjá Rangárþingi ytra og frá 2011 hef ég starfað sem fjármálastjóri hjá

Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi.

Jafnframt hef ég verið í stjórn Hellismana ehf. frá stofnun fyrirtækisins 1993 en Hellismenn ehf. reka ferðaþjónustuna við Landmannahelli.

**Félagsstörf:** Undanfarin fjögur ár hef ég setið í sveitarstjórn Rangárþings ytra og verið formaður byggðarráðs ásamt því að sitja í skipulags og umferðarnefnd sveitarfélagsins.

**Helstu áherslur:** Ég vil sjá Rangárþing ytra vera áfram öflugt sveitarfélag þar sem stöðugleiki ríkir og eftirsóknarvert er að búa og reka fyrirtæki. Sveitarfélagið á að vera vænlegur kostur fyrir fólk og fyrirtæki til að setjast að og stofna til nýrra atvinnutækifæra.

## Heimir Hafsteinsson óskar eftir stuðningi í 2. sæti



**Fæðingardagur:** 21. júní 1951.

**Fjölskylduhagir:** Maki: Særún Sæmundsdóttir. Börn: Hrafnhildur, Harpa Rós, Hafsteinn Már, Hrafnís Brá, Heimir Smári.

**Menntun:** Trésmíðameistari.

**Starfsferill:** Sjómaður, verkamaður, trésmíður, bóndi, oddviti, umsjónarmaður fasteigna.

**Félagsstörf:** Sveitarstjórnarmaður og oddviti Djúpárhrepps 1994-2002. Formaður Heilbrigðisnefndar Suðurlands árin 1999-2002. Í stjórn Heilsugæslu Rangárþings frá 1996-2002. Héraðsnefnd Rangæinga frá 1996-2002. Stjórnarmaður Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Lundar á Hellu frá 1996-2006. Stjórnarmaður Hitaveitu Rangæinga árin 2002-2005. Hreppsnefndarmaður Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002-2006. Varamaður í hreppsráði Rangárþings ytra 2002-2006. Stjórnarmaður í lífeyrissjóði Rangæinga.

Formaður Öldungaráðs Rangárvallasýslu. Nefndarmaður í atvinnu- og menningar- málnefnd.

**Helstu áherslur:** Ég vil sjá blómlegt sveitarfélag með fjölbreytri atvinnustarfsemi. Skynsamlega meðferð á skattfé öllum til heilla. Sveitarfélag með þjónustustig sem hæfir nútímanum. Gjaldfrjáls leikskóla- og dagvistunarrými fyrir barnafjölskyldur. Góðan og öflugan grunnskóla. Áframhaldandi uppbyggingu vistunar- og hjúrunarrýma fyrir aldraða. Að sveitarstjórn stuðli að uppbyggingu þjónustuíbúða fyrir aldraða. Og umfram allt gnótt tækifæra til velferðar fyrir unga sem aldna.

**Leggjumst öll á árarar, vinnum saman og horfum til framtíðar, til heilla fyrir íbúa Rangárþings ytra.**

## Helga Fjóra Guðnadóttir óskar eftir stuðningi í 5. - 6. sæti



**Fæðingardagur:** 7. nóvember 1957 í Skarði á Landi þar sem ég bý í dag.

**Fjölskylduhagir:** Gift Ingvari Ingólfssyni (látinn 21. febrúar 2010). Á synina Erlend og Guðna og fyrir átti Ingvar þau Guðlaugu, Ingólf og Sæmund.

**Menntun:** Gagnfræðingur.

**Starfsferill:** Húsmóðir, stuðningsfulltrúi og skólaliði í Hvolsskóla og Laugalandsskóla. Vinn í dag á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Lundi

**Félagsstörf:** Formaður Hestamannafélagsins Geysis í 6 ár, sat í stjórn Rangárbakka ehf., sat í sveitarstjórn fyrir hönd D-listans 2006-2010. Sit í sóknarnefnd Skarðskirkju og er formaður kvenfélagsins Lóu í Landsveit.

**Helstu áherslur:** - Öflugur og góður leikskóli án biðlista.

- Halda vörð um gott og öflugt skólastarf, öflugt íþrótt- og æskulýðsstarf og virka samfélagsfræðslu en það eru stórir forvarnarliðir í harðnandi heimi.

- Að þeir sem eldri eru geti notið alls hins besta og átt öruggt ævikvöld í heimabyggð. Hvort sem er heima fyrir eða á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Lundi.

- Þurfum að standa vörð um heilsugæsluna í Rangárþingi.

- Í vaxandi ferðamannahéraði verðum við að huga að uppbyggingu vega og innviða á hálendi sem lálendi. Undirbúa þarf góðan grunn svo framkvæmdir séu markvissar.

Sem borinn og barnfæddur Rangæingur langar mig til þess að geta unnið að því að samfélagið okkar haldi áfram að byggjast upp. Ég tel mig hafa góðan grunn til þess vegna þátttöku í félagsmálum og sveitarstjórn áður.

## Hjalti Tómasson óskar eftir stuðningi í 3. - 5. sæti



**Fæðingardagur:** 2. janúar 1973.

Búsettur að Freyvangi 21, Hellu.

**Fjölskylduhagir:** Giftur Ingileif Dagnýju Viðarsdóttur og við eigum tvö uppkomin börn, Viðar og Silju.

**Atvinna:** Starfa á þjónustumiðstöð Rangárþings ytra. Áður starfaði ég um árbil hjá Glerverksmiðjunni Samverk.

**Félagsstörf:** Formaður umhverfisnefndar Rangárþings ytra og einnig setið í stjórn Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Lundar frá árinu 2014. Formaður Sjálfstæðisfélagsins Fróða frá 2018.

**Helstu áherslur:** Langar að sjá Hjúkrunar- og dvalarheimilið Lund dafna enn frekar, það þarf að huga að næstu stækkun sem búið er að teikna því að fjármögnun getur tekið all nokkur ár.

Mig langar að taka þátt í því að gera gott samfélag enn betra og mun leggja mig fram til þess að vinna vel fyrir alla íbúa fáí ég til þess umboð.

## Hrafnhildur Valgarðsdóttir óskar eftir stuðningi í 2. - 3. sæti



**Fæðingardagur:** 6. maí 1971.

Býr í Nestúni 4 á Hellu.

**Fjölskylduhagir:** Á tvö börn, Klóru Valgerði Brynjólfsdóttur 29 ára, í sambúð með Hróbjarti Heiðari Ómarssyni og Sindra Snæ Brynjólfsson 14 ára. Einnig á ég eitt ömmubarn og annað á leiðinni.

**Menntun:** Blómaskreytir frá LBHÍ og með masterssgráðu í menntunarfræðum.

**Starfsferill:** Fiskvinnsla, afgreiðslustörf, aðhlyningur á Sjúkrahúsi Saudárkróks, bóndi, ýmis störf fyrir Barnaverndarstofu, stuðningsfulltrúi í Hvolsskóla, kennari í Grunnskólanum á Hellu.

**Félagsstörf:** Kvinnakórinn Ljósbrá, Kirkjukór Odda- og Þykkvabæjarkirkju.

**Helstu áherslur:** Mín aðal áhersluefni eru skólamál, forvarnir og fjölskylduvænt samfélag. Við þurfum að halda vel utan um skólamál hér í sveitarfélaginu og tryggja fagþekkingu meðal starfsfólks. Þá er mikilvægt að tryggja að skólar sveitarfélagsins geti tekið á móti þeim börnum sem hér búa og veitt þeim ákjósanlega þjónustu.

Við þurfum að setja húsnæðismál í forgang til að auðvelda fólki að velja sér búsetu hér og efla heilbrigðisþjónustu.

Öflugt forvarnarstarf er eitthvað sem er ómetanlegt og þurfum við öll að hjálpast að við að efla það starf.

Hér hefur verið blómstrandi íþróttastarf og er mikilvægt að styðja vel við það áfram.